

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal útflutningsgjald af loðnumjöli og loðnulýsi framleiddu á tímabilinu 1. október til 31. desember 1981 nema 3,575% af f. o. b.-verðmæti útflutnings.

Tekjur af gjaldinu skiptast sem hér segir:

1. Til Aflatryggingasjóðs, áhafnadeildar	32,3%
2. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa og til úreldingarstyrkja:	
a) Til greiðslu á hluta af váttryggingarkostnaði fiskiskipa skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneyti setur	30,8%
b) Til aldurslagatryggingar til úthlutunar samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	4,6%
3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs:	
a) Til Fiskveiðasjóðs	27,7%
b) Til Fiskimálasjóðs	1,2%
4. Til sjávarrannsóknna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða, skv. reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur	1,6%
5. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0,9%
6. Til samtaka sjómanna	0,9%

Samtals: 100,0%

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða, að ekki skuli innheimta gjald samkvæmt 2. gr. af skreið, sem unnin er úr kolmunna, sem veiddur er á árunum 1981—1982, og að endurgreiða það gjald, sem þegar kann að hafa verið greitt af afurðum unnum úr kolmunna, sem veiddur var á árinu 1981.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík 28. desember 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

18. desember 1981.

Nr. 85.

Forsetabréf**um frestun á fundum Alþingis**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 104. löggjafarþings, frá 19. desember 1981 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 20. janúar 1982.

Gjört í Reykjavík, 18. desember 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.